

**173. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti
16-18,
28. september 2020 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi og Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi.

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 1904230 - Dalbraut 4 - Þjónustumiðstöð hönnun og framkvæmd

Lagt fram minnisblað frá Eflu um gögn frá lægstbjóðanda E. Sigurðsson ehf. Gögn borin saman við kröfur útboðsgagna til bjóðanda í kafla 0.1.3. Fram kemur að lægstbjóðandi uppfyllir tilskyldar kröfur.

Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að ganga til samninga við lægstbjóðanda.

2. 2008126 - Deiliskipulag Skógarhverfi 2. áfangi -Baugalundur 4 nýtingarhlutfall

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að hækka nýtingarhlutfall lóðarinnur úr 0,35 í 0,42.

Breytingin var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir lóðarhöfum við Baugalund 1, 2, 6 og Blómalund 1 og 3. Engar athugasemdir bárust

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

3. 1606006 - Aðalskipulag - endurskoðun 2018-2030

Vinna við endurskoðun Aðalskipulags Akraness 2005-2017.

Vinna við greinargerð á endurskoðun aðalskipulagi með skipulagshöfunudi Árna Ólafssyni arkitekt. Mikilvægt er að þessi vinna verði í samfellu og verði framhaldið á næsta fundi ráðsins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:45.

Ragnar Sæmundsson
Guðríður Sigurjónsdóttir

Ólafur Adolfsson

Stefán Þór Steindórsson

Sig. P. Harðarson

Hafdís Sigurþórsdóttir rit.